

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Helena Stefánsdóttir
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík

Reykjavík, 11. júlí 2025
UOS2507028/E.S.F.
13.04.03

Umsögn – Lýsing – Deiliskipulag – Sætún II, Kjalarnesi

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst þann 3. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir Sætún II (smábýli 15), Kjalarnesi.

Í greinargerð kemur fram að Sætún II sé tæplega 7 ha landspilda, á Kjalarnesi. Á Sætúni II eru tvær byggingar, reistar um 1980 tengdar saman með tengigangi, samtals 1390 m². Ungaupveldi á alifuglum til 16 vikna aldurs er í núverandi húsakosti og verður í þeirri stækkun sem fyrirhuguð er. Markmið skipulagsins er að skilgreina byggingarreit á landspildunni og skilmála.

Athugasemdir Umhverfis- og orkustofnunar

Fram kemur í skipulagslýsingunni að með fyrirhugaðri stækkun muni stærð búsins ekki ná hefðbundnum skilgreiningum fyrir þauleldisbú. En að þau mörk séu 60.000 stæði fyrir varphænur og 85.000 stæði fyrir kjúklinga. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þauleldi er ekki skilgreint útfrá stærð búsins. Þauleldi er skilgreint á eftirfarandi hátt: „*Þauleldi má útleggja sem eldi búfjár í miklum þéttleika þar sem beitt er tilteknum aðferðum til að auka framleiðslu umfram náttúrulega getu umhverfisins og þar sem almennt er þörf á aðfluttu fóðri til að vega upp á móti takmarkaðri getu svæðisins þar sem eldið fer fram til að standa undir eldi af því umfangi og þéttleika sem um er að ræða.*”¹

Í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að stöðvar eða bú með þauleldi fyrir alifugla eða svín með a.m.k. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 stæði fyrir hænur falla í flokk A í 1. viðauka við lög nr. 111/2021 og eru ávallt háðar umhverfismati. Stöðvar undir þessum mörkum falla í flokk B eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þauleldisbú með fleiri en 40.000 stæði fyrir alifugla falla undir a-lið 6.6 í viðauka I laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og a-lið 6.6 í viðauka I reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

¹ [Frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#)

og eru því starfsleyfisskyld hjá Umhverfis- og orkustofnun. Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir eldi alifugla annarra en í viðauka I, þ.e.a.s. undir þessum mörkum.

Stofnunin bendir enn fremur á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Jafnframt segir í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 að þegar um þaueldi sé að ræða skuli gera grein fyrir áætluðum fjölda dýra, meðferð úrgangs og fjarlægð til aðliggjandi byggðar. Umhverfis- og orkustofnun leggur því áherslu á að framangreind atriði komi skýrt fram í deiliskipulagi fyrir svæðið. Mikilvægt er að útgefandi starfsleyfis geti metið hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fram kemur að við hönnun eldishúsa á lóð verði farið eftir bestu fánlegu tækni eins og kostur er. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að BAT-niðurstöður vegna þéttbærs eldis alifugla og svína liggja fyrir á íslensku og eru aðgengilegar á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Stofnunin telur mjög mikilvægt að þær séu hafðar til hliðsjónar við hönnun eldishúsanna. Í ferlinu sem ákvarðar BAT-niðurstöður er gert ítarlegt BAT-tilvísunarskjal (e. BAT reference document; BREF)² þar sem gerð er greining á mengun frá umræddri starfsemi. Niðurstöður þeirrar greiningar eru notaðar til að ákvarða mörk og tækni sem tilgreind eru í BAT-niðurstöðum. Í BREF skýrslunni koma einnig fram atriði sem gott er að hafa í huga við hönnun eldishúsa til að lágmarka mengun frá starfseminni.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

² [Best Available Techniques \(BAT\) Reference Document for the Intensive Rearing of Poultry or Pigs](#)